

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 130/356**  
**komudagur 27.11.2003**



**IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI**

Alþingi - Iðnaðarnefnd  
Fr. Elín Valdís Þorsteinsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Amarhvoli 150 Reykjavík  
sími: 545 8500 bréfasími: 562 1289  
netfang: [postur@ivr.stjr.is](mailto:postur@ivr.stjr.is)  
veffang: <http://www.raduneyti.is/ivr>

Reykjavík, 26. nóvember 2003  
Tilvísun : IVR03110051/10.203/SÞ

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, dags. 12. nóvember 2003, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum, sem er 45. mál 130. löggjafarþingsins.


Tillagan hljóðar svo: Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir Alþingi áætlun um aðgerðir til að draga úr fyrirsjáanlegu ójafnvægi í byggðamálum.

Í greinargerð kemur fram að þær framkvæmdir, á sviði orku- og stóriðjumála svo og jarðgangagerðar, sem ákveðið hefur verið að ráðast í dreifast ekki jafnt niður á landið. Veruleg hættu sé því að næstu ár verði öðrum dreifbýlissvæðum mjög erfið nema gripið verði til aðgerða til að draga úr því ójafnvægi sem í stefnir. Bregðast þurfi við þessu og taka ákvarðanir sem koma öðrum landsvæðum til góða, einkum að flýta framkvæmdum í samgöngumálum; auka möguleika til framhaldsmenntunar; styrkja menntun í dreifbýli; og auka fjölbreytni starfa í sjávarbyggðum.

Svar ráðuneytisins: Innan skamms mun iðnaðarráðherra leggja fram á Alþingi skýrslu um framvindu stefnumótandi áætlunar í byggðamálum fyrir árin 2002-2005, sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 2002. Í skýrslunni er gerð grein fyrir meginþáttum byggðaáætlunarinnar, hvaða aðgerðum stjórnvöld hafa staðið fyrir í því skyni að ná markmiðum hennar og lagt mat á hvernig til hafi tekist. Þar mun koma fram að aðgerðir í byggðamálum hafa beinst að landinu öllu og hvergi er hallað á aðra landshluta þótt vel hafi tekist til um orku- og stóriðjumál á Austurlandi. Ráðuneytið mun áfram leggja áherslu á að við framkvæmd byggðaáætlunar verði jafnræði gætt á milli byggðarlaga og landshluta.

F.h.r.

  
Kristján Skarphéðinsson

  
Sveinn Þorgrímsson